



Samþykktir FKA Framtíðar

1. gr. Heiti, heimili og varnarþing

FKA Framtíð er sérstök deild innan FKA. Heimili deildarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur FKA Framtíðar er að efla tengslanet ungra kvenna í atvinnulífinu, styðja við faglegan og persónulegan vöxt félagskvenna og auka þátttöku þeirra og sýnileika í íslensku atvinnulífi. Tilgangi sínum hyggst FKA Framtíð ná með mentorverkefni, viðburðum, ráðstefnum og reglulegum fundum.

3. gr. Félagsaðild

Aðild að FKA Framtíð er bundin því að viðkomandi sé félagskona í FKA. Deildin er sérstaklega ætluð konum á fyrri hluta starfsferils síns í atvinnulífinu. Nýjar félagskonur ganga í deildina í samræmi við reglur FKA.

4. gr. Félagaskrá

Halda skal félagaskrá yfir félagskonur. Heimilt er að segja sig úr FKA Framtíð hvenær sem er með tilkynningu til stjórnar/framkvæmdastjóra, en félagsgjald er þó ekki endurgreitt.

5. gr. Stjórn

Stjórn FKA Framtíðar skal skipuð 7 félagskonum, kjörnum á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn ber ábyrgð á málefnum deildarinnar milli aðalfunda og skal halda stjórnarfundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar til stjórnarfunda með hæfilegum fyrirvara.

6. gr. Nefndir

Stjórn FKA Framtíðar getur skipað starfshópa eða nefndir til að vinna að sérstökum verkefnum, svo sem viðburðahaldi eða tengslaneti. Skipan nefnda skal kynnt á aðalfundi og kosnir minnst tveir fulltrúar þegar við á.

7. gr. Starfsár

Starfsár og reikningsár FKA Framtíðar er frá 1. maí til 30. apríl. Aðalfund skal halda fyrir lok ágúst ár hvert og skal boða til hans með minnst 14 daga fyrirvara.

Aðeins félagskonur hafa rétt til þátttöku á aðalfundi. Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála.



Dagskrá aðalfundar er sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi og rekstur deildarinnar
3. Rekstraryfirlit kynnt og borið upp til samþykktar
4. Breytingar á samþykktum
5. Kosning stjórnar
6. Kosning nefnda/starfshópa ef við á
7. Önnur mál

8. gr. Breytingar á samþykktum

Samþykktum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, enda fái breytingartillagan 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir boðaðan aðalfund.

9. gr. Slit deildarinnar

Tillaga um slit FKA Framtíðar sætir sömu meðferð og breytingar á samþykktum, sbr. 8. gr. Sjóðsafgangur, ef einhver er, rennur til FKA.